

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Guðbjarti Hannessyni um framkvæmd á samningi Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélags Íslands um gjaldfrjálsar tannlækningar barna.

1. *Hversu margir tannlækna hafa skráð sig til þátttöku í samningi Sjúkratrygginga Íslands og Tannlæknafélags Íslands frá 11. apríl 2013 um gjaldfrjálsar tannlækningar barna og þar með skráð sig sem heimilistannlækna, sundurliðað eftir búsetu? Hversu hátt hlutfall er það af tannlæknum sem skráðir eru í Tannlæknafélagi Íslands?*

Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands hafa samtals 268 tannlækna skráð sig til þátttöku í samningnum. Tólf þeirra hafa starfsstöðvar á tveimur stöðum og einn á þremur stöðum. Meiri hluti tannlækna starfar á höfuðborgarsvæðinu, eða rúm 77%. Í töflu 1. má sjá dreifingu heimilistannlækna eftir starfsstöðvum þeirra. Í Tannlæknafélagi Íslands (TFÍ) eru 264 tannlækna sem starfa nú hér á landi. Utan TFÍ eru 11 tannlækna sem starfa hér á landi. Nær allir starfandi tannlækna, hvort heldur þeir eru félagsmenn í TFÍ eða standa utan þess, eru aðilar að samningi um tannlækningar barna.

**Tafla 1. Fjöldi og hlutfall heimilistannlækna eftir starfsstöðvum þeirra í heilbrigðisumdæmum.**

Heilbrigðisumdæmi	Fjöldi	Hlutfall
Höfuðborgarsvæðið	217	77,2%
Suðurnes	7	2,5%
Suðurland	13	4,6%
Vesturland	11	3,9%
Vestfirðir	2	0,7%
Norðurland	25	8,9%
Austurland	6	2,1%
<b>Alls</b>	<b>281</b>	<b>100,0%</b>

2. *Hversu mörg börn og unglingar hafa verið skráð hjá heimilistannlækni samkvæmt samningnum, sundurliðað eftir aldri og búsetu? Hversu hátt hlutfall er það af þeim árgöngum sem eiga nú þegar kost á gjaldfrjálsum tannlækningum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands höfðu alls 48.799 börn verið skráð hjá heimilistannlækni þann 16. október 2014.

Í töflu 2 má sjá dreifingu barnanna eftir aldri og búsetu og í töflu 3 má sjá heildarfjölda barna í hverjum árgangi sem skráð eru hjá heimilistannlækni og hversu hátt hlutfall það er af þeim árgöngum sem eiga nú þegar kost á gjaldfrjálsum tannlækningum.

**Tafla 2. Fjöldi og hlutfall barna sem eru skráð hjá heimilistannlækni, sundurlíðað eftir aldri og búsetu í heilbrigðisumdæmum.**

Aldur	Austurland		Höfuðborgarsvæðið		Norðurland		Suðurland		Suðurnes		Vestfirðir		Vesturland	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
0 ára	0	0%	46	2%	4	0%	8	0%	1	0%	0	0%	4	0%
1 ára	3	0%	194	6%	26	5%	30	10%	8	0%	1	0%	7	0%
2 ára	13	10%	306	10%	42	11%	31	9%	21	8%	3	0%	17	7%
3 ára	69	43%	1.532	47%	199	37%	183	56%	115	43%	22	26%	118	45%
4 ára	121	76%	2.113	63%	398	88%	214	64%	181	69%	46	59%	160	71%
5 ára	114	90%	1.065	34%	247	54%	127	35%	78	31%	13	15%	55	20%
6 ára	89	70%	1.047	34%	266	58%	166	49%	75	28%	17	27%	72	29%
7 ára	120	75%	1.095	38%	268	56%	171	46%	72	32%	11	15%	70	28%
8 ára	120	97%	1.079	37%	260	57%	203	57%	76	33%	22	27%	71	30%
9 ára	110	68%	1.092	39%	267	59%	186	55%	95	38%	18	26%	64	25%
10 ára	135	100%	1.957	72%	359	73%	242	70%	155	70%	41	67%	152	58%
11 ára	127	100%	2.101	80%	414	88%	298	87%	178	80%	51	56%	183	85%
12 ára	125	94%	2.128	80%	426	88%	279	79%	172	74%	61	86%	167	65%
13 ára	132	86%	2.359	85%	458	88%	317	82%	199	81%	54	71%	204	82%
14 ára	138	97%	2.345	89%	473	90%	330	93%	216	86%	68	92%	206	76%
15 ára	155	98%	2.204	82%	472	87%	303	81%	200	88%	61	62%	205	82%
16 ára	137	97%	2.335	85%	477	91%	354	85%	190	79%	64	82%	223	86%
17 ára	140	82%	2.393	86%	464	89%	369	88%	201	79%	55	56%	222	92%
18 ára	149	87%	2.319	83%	467	90%	373	89%	203	89%	67	71%	193	81%
<b>Alls</b>	<b>1.997</b>	<b>72%</b>	<b>29.710</b>	<b>54%</b>	<b>5.987</b>	<b>65%</b>	<b>4.184</b>	<b>62%</b>	<b>2.436</b>	<b>53%</b>	<b>675</b>	<b>45%</b>	<b>2.393</b>	<b>51%</b>

Athugasemd: Mistræmi er í fjöldatölum milli heildarfjölda og fjölda sundurlíðað eftir búsetu. Börn sem voru ekki með skilgreinda búsetu hér á landi þegar úttektin var gerð eru ekki talin með í tölum sem skipt er eftir búsetu.

**Tafla 3. Heildarfjöldi og hlutfall barna af hverjum árgangi sem eiga rétt á tannlækningum samkvæmt samningi og eru skráð hjá heimilistannlækni.**

Aldur	Fjöldi samkvæmt Hagstofu	Skráð hjá heimilistannlækni	Hlutfall hjá heimilistannlækni
3 ára	4.879	2.265	46,4 %
10 ára	4.220	3.055	72,4 %
11 ára	4.088	3.345	81,8 %
12 ára	4.202	3.389	80,7 %
13 ára	4.416	3.725	84,4 %
14 ára	4.250	3.769	88,7 %
15 ára	4.325	3.615	83,6 %
16 ára	4.402	3.799	86,3 %
17 ára	4.505	3.857	85,6 %

3. *Hversu mörg þessara barna og unglina hafa nýtt sér þjónustu skráðs heimilistannlæknis, sundurliðað eftir aldri og búsetu?*

Á tímabilinu 15. maí 2013 til 15. október 2014 hafa Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) greitt tannlæknakostnað fyrir 32.614 börn samkvæmt samningnum.

Aldursskiptingin er eftirfarandi:

3 ára	4.182 börn
10–12 ára	10.003 börn
13–17 ára	19.194 börn
Samtals:	33.379 börn

Nokkur börn teljast til beggja eldri hópanna þar eð þau hafa fengið greiðslur bæði sem 12 ára og 13 ára á tímabilinu.

**Tafla 4. Fjöldi og hlutfall barna sem hafa nýtt sér þjónustu heimilistannlæknis frá upphafi samnings 15. maí 2013 til október 2014, sundurliðað eftir aldri og búsetu.**

Aldur	Austurland		Höfuðborgarsvæðið		Norðurland		Suðurland		Suðurnes		Vestfirðir		Vesturland	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
3 ára	56	81%	1.155	75%	151	76%	139	76%	87	76%	14	64%	94	80%
10 ára	86	64%	1.430	73%	260	72%	179	74%	108	70%	32	78%	122	80%
11 ára	112	88%	1.761	84%	316	76%	260	87%	146	82%	43	84%	157	86%
12 ára	110	88%	1.796	84%	342	80%	241	86%	140	81%	48	79%	148	89%
13 ára	121	92%	2.068	88%	417	91%	281	89%	180	90%	44	81%	192	94%
14 ára	129	93%	2.067	88%	415	88%	286	87%	196	91%	57	84%	185	90%
15 ára	140	90%	1.903	86%	410	87%	263	87%	185	93%	51	84%	194	95%
16 ára	132	96%	2.063	88%	420	88%	312	88%	174	92%	58	91%	200	90%
17 ára	133	95%	2.141	89%	402	87%	318	86%	186	93%	45	82%	209	94%
18 ára	138	93%	2.108	91%	430	92%	319	86%	182	90%	58	87%	168	87%
<b>Alls</b>	<b>1.157</b>	<b>89%</b>	<b>18.492</b>	<b>85%</b>	<b>3.563</b>	<b>85%</b>	<b>2.598</b>	<b>85%</b>	<b>1.584</b>	<b>87%</b>	<b>450</b>	<b>83%</b>	<b>1.669</b>	<b>89%</b>

Athugasemd: Misræmi er í fjöldatölum milli heildarfjölda og fjölda sundurliðað eftir búsetu. Börn, sem flutt hafa á tímabilinu 15. maí 2013 til 15. október 2014, og hafa fengið endurgreiðslur samkvæmt samningnum, eru hér talin á báðum eða öllum pósthúsum sem þau hafa búið á þegar meðferð fór fram. Börn sem voru ekki með skilgreinda búsetu á Íslandi þegar úttektin var gerð voru heldur ekki talin með í tölum sem skipt var eftir búsetu.

4. *Hver er meðalkostnaður á hvert barn eða unglíng sem hefur nýtt sér samninginn? Er heildarkostnaður við samninginn í samræmi við áætlun?*

Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands var meðalkostnaður á hvert barn eða unglíng sem hefur nýtt sér tannlæknaþjónustu samkvæmt samningnum 37.273 kr. 9. október 2014. Kostnaður við samninginn um tannlækningar barna hefur reynst um 100 milljón kr. meiri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

5. *Hversu mörg börn og unglíngar, í þeim árgöngum sem enn falla ekki að fullu undir samninginn, hafa nýtt sér ákvæði samningsins og fengið þjónustu sem börn í bráðavanda og/eða börn sem búa við erfðar félagslegar aðstæður, sundurliðað eftir aldri og búsetu?*

Alls höfðu 58 börn í bráðavanda sem ekki féllu undir aldursmörk samningsins á þeim tíma fengið þjónustu samkvæmt undanþáguákvæði samningsins. Flest barnanna (81%) voru búsett á höfuðborgarsvæðinu.

**Tafla 5. Skipting barna í bráðavanda sem fengu þjónustu samkvæmt samningnum, eftir aldri og búsetu þeirra frá upphafi samnings 15. maí 2013 til október 2014.**

Heilbrigðisumdæmi	Aldur										
	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Alls
Höfuðborgarsvæðið	2	1	13	9	7	6	4	1	3	1	47
Norðurland			1			1		1			3
Suðurland	1				1						2
Suðurnes			1				1			1	3
Vestfirðir							1				1
Vesturland			1			1					2
Austurland											0
<b>Alls</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>16</b>	<b>9</b>	<b>8</b>	<b>8</b>	<b>6</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>2</b>	<b>58</b>

Upplýsingar frá Sjúkratryggingum Íslands.

6. *Hver er reynslan af því ákvæði samningsins að heimilistannlæknar boði börn í reglulegt eftirlit eftir þörfum hvers og eins? Hversu marga hafa heimilistannlæknar boðað í slíkt eftirlit, sundurliðað eftir aldri barna og búsetu?*

Upplýsingar um það hversu mörg börn heimilistannlæknar hafa boðað í eftirlit liggja ekki fyrir, einungis hversu mörg börn hafa komið til tannlækna. Reynsla af því að heimilistannlæknar boði börn í slíkt eftirlit eftir þörfum hvers og eins barns virðist góð.

7. *Hvert er samstarf heimilistannlækna við heilsugæsluna eða skólahjúkrunarfræðinga?*

Samkvæmt upplýsingum frá heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hefur verkefni heilsugæslunnar í samningi Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og Tannlæknafélags Íslands (TFÍ) um gjaldfrjálsar tannlækningar barna fyrst og fremst verið að upplýsa starfsfólk heilsugæslu, félagsþjónustu og barnaverndarnefnda auk foreldra og forráðamanna barna um samninginn og hvetja foreldra til að skrá börn sín hjá heimilistannlækni á réttindagáttinni sjukra.is. Upplýsingar um samninginn eru á íslensku á vefsíðu heilsugæslunnar <http://www.heilsugaeslan.is/fraedsla/tannvernd/> auk þess sem upplýsingarnar hafa verið þýddar á erlend tungumál.

Auglýsing var birt í Fréttablaðinu í ársbyrjun 2014 og bréf með upplýsingum um samninginn voru afhent foreldrum tveggja og hálfis árs barna á vegum heilsugæslunnar. Leikskóla-

stjórar miðluðu upplýsingum til foreldra og skólahjúkrunarfræðingar sendu út bréf til foreldra um Mentor-kerfið auk þess sem 6H foreldrabréf um ýmsa þætti heilsuverndar eru send til barna í 1., 4. og 7. bekk.

Unnið er að því að koma á rafrænni vöktun með heimtum barna til heimilistannlækna. Stefnt er að því að heilsugæslan og heimilistannlæknar haldi skrá um þau börn sem mæta í reglulegt tanneftirlit í samvinnu við embætti landlæknis og Sjúkratryggingar Íslands. Unnið er að verklagsreglum um frekara utanumhald og eftirfylgd.